

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 197/2023

frá 22. september 2023

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/59 frá 5. janúar 2023 um leyfi fyrir blöndu með *Pediococcus pentosaceus* DSM 32292 sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/60 frá 5. janúar 2023 um leyfi fyrir tengdum línólsýru-(t10, c12)-metýlestra sem fóðurukefni fyrir eldissvín og mjólkurkúr (leyfishafi: BASF SE) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/61 frá 5. janúar 2023 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaglúkanasa úr *Aspergillus niger* CBS 120604, blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa úr *Aspergillus neoniger* MUCL 39199, blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa úr *Trichoderma citrinoviride* MUCL 39203 og blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa úr *Trichoderma citrinoviride* CBS 614.94 sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

⁽¹⁾ Stjórið. ESB L 5, 6.1.2023, bls. 16.

⁽²⁾ Stjórið. ESB L 5, 6.1.2023, bls. 19.

⁽³⁾ Stjórið. ESB L 5, 6.1.2023, bls. 24.

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 480. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/53) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „481. **32023 R 0059**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/59 frá 5. janúar 2023 um leyfi fyrir blöndu með *Pediococcus pentosaceus* DSM 32292 sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 5, 6.1.2023, bls. 16).
482. **32023 R 0060**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/60 frá 5. janúar 2023 um leyfi fyrir tengdum línólsýru-(t10, c12)-metýlestra sem fóðurukefni fyrir eldissvín og mjólkurkúr (leyfishafi: BASF SE) (Stjtið. ESB L 5, 6.1.2023, bls. 19).
483. **32023 R 0061**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/61 frá 5. janúar 2023 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaglúkanasa úr *Aspergillus niger* CBS 120604, blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa úr *Aspergillus neoniger* MUCL 39199, blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa úr *Trichoderma citrinoviride* MUCL 39203 og blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa úr *Trichoderma citrinoviride* CBS 614.94 sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 5, 6.1.2023, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/59, (ESB) 2023/60 og (ESB) 2023/61, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

formaður